

73

19. maí

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík nr. 121 27. nóvember 1934, sbr. breytingar á þessari samþykkt frá 19. júlí 1935 og 21. maí 1937.

2. mgr. 4. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Alla almenna virka daga, þar á meðal föstudaga, sem engin undantekningar-ákvæði eru um í samþykkt þessari, svo og laugardaginn fyrir hvítasunnu til kl. 7 síðdegis. Laugardaga, aðra en laugardaginn fyrir hvítasunnu, á tímabilinu frá 15. maí til 14. september til kl. 4 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

74

20. maí

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Með því að sæti alþingismanns fyrir Austur-Skaftafellssýslu er autt orðið, þar sem alþingismaður Þorbergur Þorleifsson er látinn, þá er hér með, samkvæmt 135. grein laga nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Austur-Skaftafellssýslu fyrir þann tíma, er hinn látni þingmaður átti eftir, skuli fara fram og ákveðst 25. júní næstkomandi.

Frestir þeir, er um ræðir í 19. grein kosningalaganna styttest þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 4 vikum fyrir kjördag, auglýsingarfresturinn skal felldur alveg niður, og tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, verður 2 vikur, kærufrestur samkvæmt 20. grein styttist í 2 vikur, og úrskurður samkvæmt 21. grein skal ganga viku fyrir kjördag.

Loks styttist hinn lögmælti framboðsfrestur þannig, að framboðsfresturinn er til 4. júní n. k. að þeim degi meðtöldum.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.